



SKÝRSLA UM ÞRÓUNARVERKEFNIÐ SKAPANDI STARF Í OPNUM RÝMUM



2011 - 2013

Efnisyfirlit

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	3
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.....	3
Frávik miðað við áætlun verkefnisins.....	5
Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins.....	5
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu	5
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:	6
Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?.....	6
Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður	6
Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins	6
Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?.....	6
Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?	7
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	7
Rekstrarreikningur.....	Error! Bookmark not defined.

Skapandi starf í opnum rýmum
Verkefnisstjóri: Sif Vígþórsdóttir
Ráðgjafi: Ingvar Sigurgeirsson
Númer samnings: 98.2011-2012

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var að ræða, undirbúa og þróa leiðir til að nýta opin kennslurými í Norðlingaskóla til einstaklingsmiðaðs náms og skapandi starfs; ásamt því að vinna að þróun námsstöðva og vinnusvæða sem nýst gætu í sveigjanlegu skólastarfi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Í upphafi var byggt á námskeiðum og fræðslufundum þar sem fjallað var um skapandi námsumhverfi og notkun ólíkra miðla. Ráðgjafi verkefnisins og fleiri leiðbeinendur, m.a. kennarar og stjórnendur úr skólum sem reynslu hafa af kennslu í opnum rýmum, fjölluðu um hugmyndafræði opins skólastarfs, þróun námsumhverfis og ólíkar leiðir sem farnar hafa verið í átt til sveigjanlegs náms. Einnig var fjallað um þemavinnu, samþættingu og nýtingu upplýsingatækni og skapandi miðlun. Sjá nánar um upphafsdagskrá á þessari slóð: <https://notendur.hi.is/ingvars/Skolathroun/Nordlingaskoli/index.htm>

Í tengslum við þessa dagskrá ræddu starfsmenn skólans um skilning sinn á því hvað fælist í skapandi vinnu í opnum rýmum og leituðust við að draga upp myndir af framtíðarþróun skólans með því að svara spurningunni: Hvernig verður Norðlingaskóli eftir fimm ár (umhverfi og viðfangsefni)?

Í framhaldi af þessu mynduðu starfsmenn skólans þróunarteymi og hvert teymi valdi sér leiðir í samræmi við nemendahóp sinn, starfssvæðin og markmið verkefnisins.

Teymin kynntu áætlanir sínar og árangur nokkrum sinnum í ferlinu, auk þess að skila áfangaskýrslum. Þá fundaði ráðgjafi með teymunum í þrígang og stjórnendur héldu einnig fundi með þeim þar sem farið var yfir framgang verkefnanna; áætlanir, árangur og hindranir.

Hvert treymi réði því hvaða leiðir voru farnar og þegar upp var staðið reyndust þær mjög fjölbreyttar:

- **Þróun starfssvæða**

Dæmi:

- Sett voru upp sérstök starfssvæði fyrir íslensku og stærðfræði í 1.-2. bekk þar sem nemendur höfðu greiðan aðgang að gögnum, verkefnum og efni.

- **Þróun valsvæða og námsstöðva (hringekjur)**

Dæmi:

- Í 1.-2. bekk voru sett upp færarleg vinnusvæði (stöðvavinna). Meðal viðfangsefni sem voru í boði má nefna lestur og hlustun, paravinnu, skriftarstöð, stafagerð, orðastöð, ritun, orðasúpu, setningagerð, stærðfræðileiki, orðabingó, paralestur, leiki með stafakubba, stafavinnu með dagblöð og minnisþil .
- Í 3.-4. bekk voru settar upp sjö valstöðvar: handavinnustöð, enskustöð, stærðfræðistöð (stærðfræði og rökhugsun), ritunarstöð (skapandi ritun), leikstöð (leikur og tjáning), tónlistarstöð og samskiptastöð (fjölbreytt námsþil og kubbar). Á

hverri stöðu voru fjölbreytt verkefni. Þar sem valið reyndist tímafrekt var einnig reynt að breyta fyrirkomulaginu í hringekjuform.

- Í 5. –7. bekk voru settar upp valstöðvar með fjölbreyttum verkefnum. Þær voru einkum hugsaðar til að vera nemendum hvatning fyrir nemendur að ljúka við áform sín (einstaklingsáætlanir) og sömuleiðis til að mæta einstaklingsbundnum þörfum. Stöðvarnar fengu nöfnin *Hobbit* (tungumálaverkefni), *Splass* (verkefni um allt milli himins og jarðar) og Gáfnaljósið (stærðfræði- og landafræðistöð). Loks var svokölluð *Flökkustöð* þar sem boðin voru verkefni tengd legókubbum og spjaldtölvum. Á hverri stöð var hægt að velja á milli fjögurra verkefna og var leitast við að verkefni tækju til sem flestra námsgreina og væru spennandi og skapandi. Klippikort var notað til að stýra valinu og gat hver nemandi farið allt að þrisvar á hverja stöð í hverri umferð.

- **Heimakrókar**

Dæmi:

- Í 1. –2. bekk var ákveðið að hefja og ljúka hverjum starfsdegi í heimakrók þar sem farið er yfir viðfangsefni dagsins, lesið, málin rædd, sögur sagðar og farið í leiki. Heimakrókurinn var einnig notaður til að kynna ný viðfangsefni, til læsisverkefna (t.d. í tengslum við Byrjendalæsi) og til að halda bekkjarfundi.

- **Sveigjanleg skólabyrjun**

Á fyrra ári verkefnisins var reynt á unglíngastigi að hafa sveigjanlega skólabyrjun. Nemendur gátu valið um að hefja skóladaginn kl. 8.00 eða 9.00. Þeir nemendur sem hófu starf kl. 8.00 luku skóladegi sínum klukkustund fyrr en hinir. Nemendur voru mjög jákvæðir gagnvart þessu fyrirkomulagi, en niðurstaðan varð engu að síður sú, þegar líða tók á skólaárið, að flestir ákváðu að mæta kl. 8.00, m.a. vegna þátttöku í félags- og íþróttastarfi. Þá ollu nokkrum vandkvæðum að þetta hindraði samstarf kennari og var því ákveðið að ekki yrði framhald á þessu. Hins vegar var tekin sú ákvörðun, m.a. með hliðsjón af þessari reynslu, að hefja allt starf í unglíngadeildum síðar að morgni, eða kl. 8.40.

- **Spegluð kennsla**

Á unglíngastigi hafa kennarar verið að þreifa sig áfram með *speglaða kennslu* (e. flipped instruction, einnig *vendikennsla* á íslensku). Þessi leið byggir á því að kennarar búa til myndupptökur af kennslu og nemendur nýta sér þær með fjölbreyttum hætti og geta nálgast þær þegar á þarf að halda.

- **Klippikort**

Á unglíngastigi var hrint í framkvæmd svokölluðu *Klippikortaverkefni*. Markmið þeirra er að veita nemendum tækifæri til að fást við heildstæð og samþætt viðfangsefni og fá þeim aukin tækifæri til sköpunar. Klippikort eru valverkefni. Nemendur vinna í einu klippikortverkefni á viku og geta valið hvaða námsgrein þau leggja áherslu á. Leitast er við að hafa námsmat í þessum verkefnum fjölbreytt. Sjá nánar um verkefnið á þessari slóð;

<http://ullonollo.blogspot.com/p/klippikort.html>

- **Einstaklingsmiðun og stöðvavinna í íþróttum**

Íþróttakennarar skólans gerðu tilraunir með einstaklingsmiðun á unglíngastigi, meðal annars með því að nemendur settu sér sjálfir markmið. Einnig prófuðu þeir fjölbreyttu stöðvavinnu með yngri nemendum.

- **Þróun námsumhverfis í list- og verkgreinum**

Gerðar voru tilraunir með ólíkar útfærslur á vinnusvæðum í list- og verkgreinum.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í upphafi var ráðgert að halda sérstaka ráðstefnu um niðurstöður fyrir kennari utan skólans. Það hefur ekki verið gert heldur hefur þróunarverkefnið, eða ákveðnir þættir þess verið kynntir með fræðsluerindum meðal annars á hverfaráðstefnum skóla í Reykjavík. Þá hafa niðurstöður verið kynntar gestum sem heimsækja Norðlingaskóla, en þær eru að jafnaði tvær á viku. Eins er þess að geta að myndaður var samráðshópur starfsfólks í skólum þar sem áhersla er lögð á teymiskennslu í opnum kennslurýmum (Akurskóli, Hraunvallaskóli, Ingunnarskóli, Norðlingaskóli og Sjálandsskóli) þar sem þessari reynslu hefur verið miðlað.

Áætlanir gerður ráð fyrir því að spurningalistar yrðu nýttir til að meta hvað hefði áunnist. Þetta var gert með þeim hætti að teymin fengu í tvígang sérstakar spurningar til að svara um framvindu verkefnanna. Einnig voru nýttar niðurstöður spurningakannana sem ýmsir aðilar gerðu í skólanum á þeim tíma sem verkefnið stóð yfir. Má þar sérstaklega nefna kannanir tengdar rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum*, en rannsóknarhópurinn sem stóð að þeirri rannsókn lagði ítarlega spurningalista fyrir starfsmenn, nemendur og foreldra.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Þar sem fjölbreyttar leiðir voru farnar voru hindranir mismunandi eftir teymin og verkefnum. Sem dæmi um hindranir má nefna að stundum olli erfiðleikum þegar nýta þurfti rými fyrir aðra starfssemi en kennslu (svo sem frístundastarf seinni hluta dags), erfitt var að finna samráðstíma eða starfið gekk ekki eftir vegna vandkvæða í stundatöflu (dæmi: nemendur misstu af val tímum vegna þess að þeir áttu að vera í sundi á sama tíma). Valstöðvar krefjast góðrar umgengni og stundum vantaði þar nokkuð á. Þá þarf stöðugt að endurnýja verkefni og halda uppi góðu eftirliti, sem oft krefst mikils tíma. Allt eru þetta atriði sem búast má við í þróunarstarfi.

Á nokkrum svæðum hefur reynst erfiðleikum bundið að hafa gott yfirlit yfir nemendahópinn, þegar nemendur flæða á milli rýma. Hið sama gildir um verkefnaskil. Þegar hátt í eitt hundrað nemendur vinna á sama svæði getur reynst örðugt að fylgjast með viðfangsefnum allra!

Loks veldur ákveðnum vanda að í skólanum er fengist við mörg skólaþróunarverkefni, oft á sama tíma. Þá er hverfið í örum vexti og nemendum fjölga hratt, en af því leiðir að stöðugt þarf að vera að hreyfa við húsnæði.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Öll þróunarteymin töldu sig hafa náð umtalsverðum árangri. Skólinn býr að þeim vinnusvæðum og verkferlum sem þróuð voru í tengslum við verkefnið. Eins og fram hefur komið var mikil vinna lögð í námsefnis- og verkefnagerð sem flest er hægt að nýta og þróa áfram. Mörgu hefur verið miðlað til annarra skóla og vitað er um skóla sem nýtt hafa gögn og hugmyndir frá Norðlingaskóla úr þessu verkefni og aðlagað eigin aðstæðum. Dæmi um þetta eru *Klippikortin*, sjá t.d. á þessari slóð: <http://ullonollo.blogspot.com/p/klippikort.html>. Þessi hugmynd hefur verið útfærð í öðrum skólum í ýmsum myndum (sjá t.d. <http://www.viskuvarda.blogspot.com/>).

Þær kannanir sem gerðar voru á verkefnistímanum af starfshópi um rannsóknarverkefnið *Starfshættir í grunnskólum* leiddu í ljós verulegan árangur. Nemendur í Norðlingaskóla voru í hópi þeirra jákvæðustu í samanburði við nemendur í nítján öðrum skólum og samanburður sýndi að í skólanum var gengið lengra í átt til einstaklingsmiðunar en í flestum öðrum skólum. Þennan árangur er vitaskuld ekki að þakka þessu eina verkefni, en það hefur væntanlega verið lóð á þessa vogarskál.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Norðlingaskóli er þróunarskóli og því eru verkefni sem þess eins og einn þráður í starfi hans. Í skólanum er lögð áhersla á að þróunarverkefni falli að öðru starfi. Hér að framan var gerð grein fyrir helstu ávinningum af verkefninu.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður

Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins

Meginmarkmið verkefnisins var að ræða, undirbúa og þróa leiðir til að nýta opin kennslurými í Norðlingaskóla til einstaklingsmiðaðs náms og skapandi starfs; ásamt því að vinna að þróun námsstöðva og vinnusvæða sem nýst gætu í sveigjanlegu skólastarfi.

Þessu meginmarkmiði var náð. Þróuð voru fjölbreytt valsvæði og starfssvæði þar sem nemendur fengust við margháttuð viðfangsefni; bæði í einstökum námsgreinum, sem og viðfangsefni tengd ýmsum færniþáttum (sköpun, ritun, tónlist, leik).

Á unglingastigi voru gerðar tilraunir með sveigjanlega skólabyrjun, speglaða kennslu og heildstæð, samþætt verkefni. Afrakstur síðastnefnda verkefnisins er nú aðgengilegur á netinu.

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Mat starfsfólks og ráðgjafa er að vel hafi miðað. Skólinn býr að þeim kennslurýmum sem þróuð voru sem og þeim starfsháttum sem þeim tengjast. Mat þróunarteyma var að góður árangur hefði náðst.

Nýlega lauk umfangsmiklu heimdarmati á skólastarfi Norðlingaskóla sem gert var af matsteymi á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur þar sem lagt var mat á alla starfsemi skólans. Til staðfestingar má vísa til eftirfarandi niðurstaðna þess mats:

- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn langt í að einstaklingsmiðað nám og starfshætti skólans, heildarútkoma er 4.5 stig á kvarðanum 1-5.
- Einstaklingsmiðun og sjálfstæð vinna einkenna nám og í vettvangsathugunum voru nemendur álíka oft að vinna sjálfstætt að einhverju leyti að eigin vali og að vinna að verkefnum undir stjórn kennara.
- Í hverri viku gefst nemendur tækifæri til að vinna að verkefnum á sínu áhugasviði.

Sjá nánar um þetta í skýrslu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um heildarmat á Norðlingaskóla.¹

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Öll teymi munu vinna áfram að þróun starfsins, m. þróun valsvæða og vinnustöðva. Áfram verður unnið að því að leita leiða til að efla ábyrgð nemenda á náminu og stuðla að sjálfstæði þeirra. Þá er unnið markvisst að því að auka val og vægi skapandi verkefna.

Þá hefur skólinn verið leiðandi í innleiðingu spjaldtölva í námi og má um það vísa til skýrslu þeirrar Sólveigar Jakobsdóttur og Skúlínu Kjartansdóttur *Spjaldtölvur í Norðlingaskóla – þróunarverkefni 2012-2013: Áfangaskýrsla*, sjá á þessari slóð:

http://skrif.hi.is/rannum/files/2012/09/Afangaskyrsla_Nordlingaskoli_sept_2012_med_fylgiskjolum.pdf. Hið sama gildir um speglaða kennslu. Þar er Norðlingaskóli í fararbroddi og stefnir að því að vera það áfram.

Loks má nefna að mörg teymi hafa uppi áform um að nýta betur útisvæði skólans, bæði leiksvæðið næst skólanum og útikennslustofu skólans (Björnslund).

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið, sem og ýmsir þættir þessu, hefur, eins og fram hefur komið, þegar verið kynnt með margvíslegum hætti og verður þeirri kynningu haldið áfram, ásamt öðrum skólaþróunarverkefnum skólum.

15.11.2013

Sif Vígþórsdóttir



¹ Birna Sigurjónsdóttir (ritstjóri) . (2013). *Norðlingaskóli – heildarmat á skólastarfi*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.